

L Ö G

um breyting á lögum um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu frá 31. desember 1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 18. gr. laga um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu frá 31. desember 1968 komi ný grein, er verði 19. gr., svo hljóðandi: Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

2. maí 1969.

Nr. 30.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir síðustu málsgrein 3. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi: Sjávarútvegsmálaráðherra er heimilt, þrátt fyrir bann þessarar greinar, að leyfa vinnslu- og verkunarstöðvum að kaupa afla af erlendum veiðiskípum í íslenzkum höfnum. Ráðherra skal binda leyfið við ákveðna staði eða landshluta, eftir því sem hagkvæmt þykir. Svo getur ráðherra og bundið leyfið við ákveðnar tegundir fisks eða annars sjávarafla og sett skilyrði um magn, verð og sérstakar löndunarreglur. Í leyfi ber að taka fram, að það veiti eigi erlendum skipum heimild til fiskveiða eða fiskverkunar í landhelgi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.